

7. janúar 1987

1

Nr. 1

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 628 30. desember 1980, um jöfnunargjald, með síðari breytingum.

1. gr.

Við upptalningu tollskrárnúmera í 1. gr. reglugerðarinnar bætist tollskrárnúmer 48.15.31.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 4. gr. laga nr. 79 23. desember 1980, um jöfnunargjald, til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytinu, 7. janúar 1987.

F.h.r.

Sigurgeir Jónsson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

2. janúar 1987

Nr. 2

REGLUGERÐ

um starfrækslu almenningstalstöðva í 27 MHz tíðnisviðinu.

1. gr.

Póst- og símamálastofnun gefur út leyfisbréf til að eiga og/eða starfrækja almenningstalstöðvar í 27 MHz tíðnisviðinu, nánar tiltekið frá 26,960 til 27,405 MHz.

Starfsleyfið heimilar notkun talstöðva fyrir skilaboð og stutt samtöl innanlands.

Leyfishafar geta verið stofnanir, atvinnufyrirtæki, félög og einstaklingar, sem náð hafa 16 ára aldri. Póst- og símamálastofnun skal viðurkenna félög farstöðvaeigenda til að vera í forsvari í samskiptum við Póst- og símamálastofnunina fyrir sína félagsmenn.

Póst- og símamálastofnun gefur ennfremur út stöðvarleyfi sem heimilar notkun viðkomandi stöðvar.

Póst- og símamálastofnuninni er heimilt að samþykkja tímabundna notkun útlendinga á talstöðvum, sem þeir hafa leyfi til að nota í heimalandi sínu enda séu talstöðvar þeirra merktar með skilti, sem sýni að þær hafi viðurkenningu frá landi innan samtaka C.E.P.T. (Conference Européenne des P&T).

2. gr.

Öll tilraunastarfsemi á tækjabúnaði og loftnetum er óheimil í þessu tíðnisviði, nema samkvæmt sérstakri heimild Póst- og símamálastofnunar.

B 1